

SKÝRSLA STJÓRNAR FLUTT Á ÁRSÞINGI KRAFTLYFTINGASAMBANDS ÍSLANDS 26.02.2022

Þingforseti - ágætu þingfulltrúar

Nú lýkur tólfta starfsári Kraftlyftingasambands Íslands sem hófst á síðasta þingi sem var haldið 20.mars 2021 og þá rafrænt, vegna samkomutakmarkanna.

Í skýrslunni í fyrra sagði ég að aðalstarfið 2020 hafi falist í að uppfæra sóttvarnarreglur og aflýsa mótum – á liðnu ári hefur þetta meira snúist um að uppfæra metaskrár og fagna mótum og er það miklu skemmtilegra starf. Nú hefur öllum hömlum verið aflétt, f.o.m. í gær. Mér telst samt til að sóttvarnarreglur sambandsins hafa verið uppfærðar 11 sinnum á árinu!

Ég ætla að lesa skýrslu stjórnar um starfið 2021.

MANNAUÐUR - SKRIFSTOFA

Stjórn sambandsins var þannig skipuð starfsárið 2021:

Gry Ek Gunnarsson formaður

Hinrik Pálsson varaformaður

Laufey Agnarsdóttir, ritari

Aron Ingi Gautason, gjaldkeri

Rúnar Friðriksson, Þórunn Brynja Jónasdóttir og Auðunn Jónsson meðstjórnendur.

Stjórnin hefur haldið 14 bókaða stjórnarfundum og einn fund með formönnum aðildarféлага frá síðasta kraftlyftingapingi og hafa þeir flestir verið tölvufundir. Stjórnin tók sér einn staðbuninn starfsdag á árinu. Auk þess hafa verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, og stjórnarmenn hafa fundað með ýmsum einstaklingum, félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. ÍSÍ og afrekssjóði og heilbrigðisyfirvöldum.

Stjórnin hefur átt mikil, nánast dagleg, samskipti á Messenger á árinu og mörg mál hafa verið rædd og útkljáð þar og síðan færð til bókar.

Þrjú stjórnarmenn ganga úr stjórn á þessu þingi, en gefa reyndar öll kost á sér áfram, þau Laufey Agnarsdóttir, Aron Ingi Gautason og Þórunn Brynja Jónasdóttir.

Ég gef þeim mín bestu meðmæli. Þessi stjórn hefur unnið mjög vel, verið samhent og málefnaleg. Allir hafa unnið af frumkvæði og heilindum og stutt hvort annað. Það er ekki leiðinlegt að vera formaður með slíka stjórn á bak við sig og vil ég þakka þeim öllum fyrir vel unnin störf í þágu íþróttarinnar, fyrir jákvæðni og skemmtilegt samstarf.

Sambandið hefur aðstöðu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og fékk úthlutaða nýja skrifstofu á árinu. Hún er töluvert stærri en sú gamla en við deilum henni með Lyftingarsambandinu, og það virðist koma vel út. Eitthvað hefur verið bætt við af húsgögnum, ný tölva var keypt og aðstaðan öllu betri en áður. Okkur vantar geymslupláss, það er reyndar vandamál í húsinu, en verið er að vinna í því að koma part af gögnum okkar í geymslu hjá Þjóðskjalasafni.

Lára Bogey Finnbogadóttir er starfsmaður í 30% starfi og hefur viðveru á skrifstofu einu sinni í viku og eftir samkomulagi þar fyrir utan. Magnús Magnússon færir bókhaldið fyrir okkur og gerir ársreikning og vil ég þakka þeim báðum fyrir störfin

Á árinu hafa starfað eftirfarandi nefndir: dómaranefnd, laganefnd, mótanefnd, landsliðsnefnd og heiðursmerkjanefnd.

Formenn voru kosnir til tveggja ára 2020 og rennur umboð þeirra út á þessu þingi.

Dómaranefnd: Sólveig H Sigurðardóttir, Helgi Hauksson, Sturlaugur A Gunnarsson.

Laganefnd: Þórunn Vilbergsdóttir og Sigurjón Pétursson.

Mótanefnd: Einar Örn Guðnason, Ellert B Ómarsson og Þórunn Jónasdóttir

Landsliðsnefnd: Róbert Kjaran, Helgi Hauksson, Auðunn Jónsson

Heiðursmerkjanefnd: Gry Ek, Auðunn Jónsson, Guðjón Hafliðason.

Ég vil þakka nefndarmönnum fyrir störfin sem eru afar mikilvæg.

Tveir nefndarformenn hætta nú, Sólveig H Sigurðardóttir og Einar Örn Guðnason og vil ég þakka þeim sérstaklega.

Samkvæmt Felix eru skráðir félagar 1326 (1404@2020) en það er spurning hversu mikið er í raun að marka þær skráningar. Felix hefur reynt okkur illa og við hlökkum til að færa okkur yfir í nýtt skráningarfyrirkomulag sem verið er að taka í notkun.

Sambandið átti þrjá fulltrúa á 15. Íþróttþingi í fyrra, Gry, Hinrik og Lára.

Þess má geta að Arna Ösp Gunnarsdóttir bauð sig fram í íþróttamannanefnd ÍSÍ. Hún náði ekki kjöri en mér finnst ástæða til að nefna það hér. Hún hefði verið góður fulltrúi og það er ánægjulegt að kraftlyftingamenn vilja taka virkan þátt í starfi ÍSÍ.

AÐSTÖÐUMÁL

Aðstöðumál og þjóðarleikvangar eru mál málanna hjá íþróttahreyfingunni þessi misseri og eru það ekki bara stóru boltaíþróttirnar sem liða fyrir aðstöðuleysi. Takmarkaður aðgangur að rými stendur okkur fyrir þrífum við mótahald innanlands, eins og kom berlega í ljós í nóvember þegar við vorum á götunni með bikarmótið okkar fram á 11.stundu.

Nauðsynlegt er fyrir okkar félög að hafa yferráð yfir fullnægjandi æfingarhúsnæði og fyrir sambandið að hafa öruggan aðgang að fullnægjandi húsnæði til afreksæfinga .

Aðstöðuleysið gerir okkur ókleift að bjóða í stærri alþjóðleg mót sem er nauðsynlegt að geta haldið hér, það væri mikil lyftistöng fyrir íþróttina. Reyndar eru EPF og IPF stöðugt að ganga á eftir okkur og hvetja til þess.

Stjórnin hefur látið taka saman skilgreiningu á undirstöðukröfum sem þarf að uppfylla og hefur kynnt m.a. fyrir ráðherra íþróttamála. Það verður forgangsmál hjá nýrri stjórn að vinna áfram í þessu brýna máli.

ERLEND SAMSKIPTI OG SAMSTARF

Ísland á tvo starfandi fulltrúa í alþjóðastarfi. Sigurjón Pétursson situr sem varaforseti IPF og Gry Ek situr í stjórn NPF og er vefstjóri þar. Sigurjón hlaut heiður á árinu að vera tekinn inn í IPF Hall of Fame, heiðurshöll IPF, fyrir starf sitt í þágu íþróttarinnar.

Þing NPF var haldið í Finnlandi 5.nóvember og sótti Hinrik Pálsson, varaformaður þingið fyrir okkar hönd. Samstarfið innan NPF hefur verið hreinskilið og gott og hafa Norðurlönd

við tvö tækifæri sent frá sér sameiginlegar yfirlýsingar og athugasemdir við framkvæmd mála hjá IPF.

Þing EPF var haldið í Tékklandi 2.ágúst og var Auðunn Jónsson fulltrúi okkar.

Aukaþing IPF var haldið rafrænt 22.febr – 24.mars 2021 og lágu róttækar tillögur til lagabreytinga fyrir þingið. KRAFT skrifaði undir sameiginlegri yfirlýsingu NPF sem gagnrýnti harðlega aðferð IPF við þinghaldið og atkvæðagreiðslu. Vegna þeirrar óánægju með framkvæmd kosninganna greiddum við atkvæði gegn tillögnum, þó stjórnin hafi að miklu leyti stutt þær efnislega.

Reglulegt þing IPF var haldið í Svíþjóð 26.september og sótti Gry Ek það. Hún sótti líka aukaþing IPF sem var haldið í Noregi 7.nóvember.

Það er nauðsynlegt að taka virkan þátt í alþjóðastarfi, bæði til að fylgjast sem best með því sem er að gerast og til að hafa áhrif til góðs.

Forseti IPF, Gaston Parage, kom hingað í janúar sl i tengslum við RIG. Við notuðum tækifærið og náðum fundum með ráðherra og fulltrúum ráðuneytisins, ÍSI og Íþróttabandalag fatlaðra. Sigurjón Pétursson, varaforseti IPF var með í för og skipulagði heimsóknirnar og skal honum þakkað fyrir það.

LÖG OG REGLUGERÐIR

Nokkrar breytingar voru gerðar á lögum KRAFT á síðasta þingi og hafa þær verið samþykktar af laganefnd ÍSÍ. Nokkrar athugasemdir voru gerðar um orðalag og samræmi í texta. Við höfum leiðrétt textann í samræmi við þær ábendingar og leggjum hann fyrir þetta þing til samþykktar. Um er að ræða örfáar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Reglur um kraftlyftingakeppni voru uppfærðar á árinu þar sem nokkrar mikilvægar breytingar voru gerðar, en þær voru ræddar á formannafundi áður. Þar var m.a. opnað fyrir keppni á innanlandsmótum frá 1.janúar á 14.aldursári. Reglur voru settar um þátttöku á RIG.

Landsliðssamningar hafa verið uppfærðir.

Stjórn hefur ákveðið að fella úr gildi lágmrök fyrir Íslandsmet, en þau voru upphaflega sett fyrir tíu árum og hafa þjónað sínum tilgangi.

Löngu tímabær umræða undir #metoo hefur verið í samfélaginu og innan íþróttahreyfingarinnar um öryggi keppenda, viðeigandi hegðun starfsmanna og möguleika félaga og stjórna til að grípa inn í ef grunur er um að eitthvað óæskilegt eigi sér stað í íþróttastarfi. Þetta eru ekki einföld mál að eiga við, en við eins og aðrir fylgjumst með og erum á tánum. Stjórnin hefur lagt áherslu á að fylgjast með umræðunni, hafa aðgengilegar upplýsingar um hvert má leita aðstoðar og skerpt á ferlum við skráningu atvika.

Ég hvet ykkur sem hér eru að skoða þessi mál hjá ykkar félagi og horfa i kringum ykkur í starfinu. Eru einhverjir útundan? Er einhver að sýna niðrandi og ósæmilega hegðun og þarf að fá orð í eyra, eða er andinn góður svo öllum líði vel? Það er sameiginleg ábyrgð sem þarf að taka alvarlega.

MÓTAMÁL

Heldur hefur ræst úr með mótahald og náðum við að halda flest mót 2021 með nokkrum tilfærslu þó.

ÍM færðist frá mars fram í júní, deddmótið færðist til, byrjendamót var frestað frá febrúar til september, og bekkpressumótið færðist líka fram á haust.

Mótanefndin hefur haft í ýmsu að snúast og eins og áður sagði hefur verið erfitt að finna mótum húsnæði. Ég hvet félögum eindregið til að nota tækifærið, t.d. á aðalfundum sem nú eru framundan, að taka að sér mót með góðum fyrirvara og redda húsnæði tímanlega.

Samið hefur verið við Róbert Kjaran um tölvuumsjón á mótum. Róbert hefur í mörg ár unnið óeigingjarnt starf á mótum okkar og það var löngu tímabært og ánægjulegt að geta gert um það formlegt samstarf. Við þökkum Róberti fyrir og vitum að málin séu í góðum höndum.

Við höfum líka gert samkomulag við Ásvald Kristjánsson um streymi frá mótum okkar. Hann hefur unnið það mjög faglega og vel. Nauðsynlegt er fyrir mótshaldara að hafa umgjörðina snyrtilega fyrir myndavélarnar og mótin verða seljanlegri þegar dreifingin er meiri.

Reglur um mótahald hafa verið uppfærðar og tekin hefur verið saman handbók mótshaldara til að einfalda mönnum lífið. Hún verður birt á kraft.is

Fjárfest hefur verið í sjúkratöskur sem verða á öllum mótum, en það var sett inn í nýju mótareglurnar að tilnefna eigi öryggisfulltrúi á öllum meistaramótum.

Félögin okkar eru fámenn og það vex mönnum í augum að halda mót, sérstaklega þar sem tilbúinn leikvöllur er ekki fyrir hendi og mikil vinna fer í að ferja lóð og búa til leikvöll. Samt vilja allir fá að vera með á mótum og iðkendum fjölgar stöðugt - Þetta er mál sem við verðum að finna út úr í sameiningu, stjórn og aðildarfélög með aðstoð yfirvalda.

MIÐLAR

Kraft.is er aðalupplýsingasíða sambandsins og hefur hún aðallega verið í umsjón formanns á þessu ári. Þar er að finna opinberar tilkynningar frá stjórn o.a. Það er sjálfsagt kominn tími til að gefa því vefsvæði andlitslyftingu - hún gerir sitt gagn sem uppflettirit og opinber fréttasíða en lookið er orðið ansi gamaldags.

Laufey ritari hefur haft umsjón með Instagram og Facebook og aukið sýnileika okkar þar verulega. Keppendur og fylgdarmenn á mótum hafa líka fengið aðgang að þeim og það hefur aukið fjölbreytni. Félagar og félög mega vera dugleg að deila.

Sambandið heldur úti youtuberás og hefur mótum verið streymt þar.

Gagnabankinn okkar hefur fram að þessu verið í umsjón Klaus Jensen sem hefur reynst okkur betur en enginn. Því samstarfi er nú að ljúka, við tökum yfir þessa umsjón og þökkum Klaus heilshugar fyrir hans framlag gegnum mörg ár.

Um fjöllun fjölmiðla um íþróttina okkar hefur verið nokkur á árinu enda hefur aldeilis verið tilefni til. Skemmtileg viðtöl hafa verið tekin við afreksmenn og konur sem hafa verið sér og

okkur mjög til sóma.

Við boðuðum til fundar með íþróttafréttamönnum fyrir EM í desember og skilaði það sér í aukna umfjöllun. Við skulum gera meira af því þegar tilefni er til.

FRÆDSLUMÁL OG HÆFILEIKAMÓTUN

Gagnger endurskoðun á fagteymismálum var gerð 2020 og hefur ánægja verið með það meðal keppendur.

Samningur er í gildi við Atlas endurhæfingarstöðu. Geir Gunnar Markússon og Agnes Árnadóttir veita ráðgjöf um næringu og heilbrigðan lífsstíl.

Erlendur Egilsson og Helgi Héðinsson íþróttasálfræðingar veita ráðgjöf á því sviði.

Mótaðar hafa verið reglur um styrki til afreksmanna vegna þjónustu sjúkrapjálfa og annarra fagaðila en afreksjóður veitir styrk til þeirra mála.

Afreksbúðir sem til stóð að halda varð að engu – fyrst og fremst af ovissu vegna Covid. Það stendur til að bæta úr því.

Tvö dómaraþróf hafa verið haldin og bættust sex nýir dómara í hópinn.

Aron Ingi Gautason öðlaðist alþjóðleg dómaraþróf í október sl og fögnum við því

Kraftlyftingapjálfafræðingur sem hófst í mars 2020 var endurstartað í september 2021 og Lota 1 endurtekin. Tíu manns hafa skráð sig á námskeiðið en þrír heltust úr lestinni af ýmsum ástæðum.

Í janúar sl tókst okkur loksins að koma kennaranum til landsins og halda lotu 2, en hann heitir Marius Arnesen og er þjálfari í Noregi. Hann hefur sérsamið efni fyrir okkur og ef vel tekst til er von mín að framhald verði á þessu samstarfi svo við getum boðið upp á þessa fræðslu reglulega, bæði fyrir félagsþjálfara og afreksþjálfara. Lota 3 er fyrirhuguð í vor.

LANDSLIÐ OG AFREKSMÁL

Auðunn Jónsson starfar sem íþróttastjóri og er starfshlutfall hans 30%.

Hans starf snýst að mestu leyti um að fylgjast með æfingum og aðstoða og leiðbeina. Hann hefur verið í reglulegu sambandi við afreksmenn, fagteymi og afreksjóð og vinnur náið með landsliðsnefnd. Hann hefur verið fararstjóri í öllum keppnisferðum á árinu.

Keppni á alþjóðavelli hófst aftur í ágúst og sendum við lið á flest mót og var árangurinn frábær í einu orði sagt.

Kristín Þórhallsdóttir varð Evrópumeistari og setti tvö Evrópumet og vann brons á HM.

Júlían Jóhannsson vann brons á EM og gullverðlaun í réttstöðulyftu á EM og HM. Matthildur Óskarsdóttir varð heimsmeistari og setti Evrópumet í unglingsflokki. En verðlaunalistinn er lengri – of langur til að telja upp hér – og er birtur neðst í skýrslunni.

Þessi velgengni vakti athygli. Tveir kraftlyftingamenn voru meðal 6 efstu í kjöri á Íþróttamann ársins og forseti lýðveldisins sá ástæðu til að senda sambandinu

hamingjuóskir og fjalla um þetta á facebooksíðu embættisins.

Að auki hafa kraftlyftingakeppendur hlotið viðurkenningar víða í sínum félögum og héraðssamböndum og sveitarfélögum um land allt.

Ekki má gleyma Elsu Pálsdóttur sem keppir í M3 flokki 60+ og vann EM og HM og setti heimsmet í öllum greinum nema bekkpressu. Þórunn Brynja Jónasdóttir keppti á EM í M1 flokki 40+ og vann gull í bekkpressu og brons samanlagt. Það er gaman að sjá þessa virkni í öldungaflokkum. Þetta hefur augljós hvatningaráhrif og nú eru fimm öldungar á leið á EM í mars.

Óskað var eftir tilnefningum í landsliðsverkefni 2022 eins og venjulega og hefur stjórnin samþykkt tillögur landsliðsnefndar um valið.

Það fjölgar í landsliðshópinn hægt og bitandi – stöðugt fleiri eiga erindi á stóra sviðið.

AFREKSSJÓÐUR - AFREKSSTEFNA

Afreksstefna KRAFT var rædd á formannafundi í haust og liggur hér fyrir þingið til staðfestingar. Nokkrar breytingar eru gerðar á henni, við erum að hækka ráanna og setja okkur háleitari markmið, enda gefur árangurinn í starfinu tilefni til þess.

Afrekssjóður ÍSÍ veitti styrk til KRAFT árið 2021 eins og fram kemur í ársreikningi og mun gjaldkeri gera grein fyrir því í sínu máli.

Sambandið hefur fengið úthlutað styrk fyrir 2022 í samræmi við umsókn, en fjölmenn og kostnaðarsöm verkefni eru framundan. Þessi styrkur er undirstaða undir afreksstarfið og okkar ábyrgð að nýta hann til fulls.

Okkur hefur ekkert miðað í áttinni að því markmiði að finna fasta styrktaraðila fyrir sambandið. Það hlýtur að vera forgangsmál hjá nýrri stjórn að ná því.

AFREKSFÓLK

Kraftlyftingakona ársins 2021 er Kristín Þórhallsdóttir, Akranesi

Kraftlyftingakarl ársins 2021 er Viktor Samúelsson, Akureyri

Stigahæsta liðið í kvennaflókki er Ármann – 157 stig

Stigahæsta liðið í karlaflokkki er Massi – 170 stig

Kristín Þórhallsdóttir – fædd 1984 – Kraftlyftingafélag Akraness
Kristín keppir í klassískum kraftlyftingum í -84kg flokki.

Stigahæsti kraftlyftingamaður Íslands árið 2021 með 106,03 stig.

Þriðja á heimslista í -84kg flokki

Evrópumeistari 2021

Bronsverðlaunahafi á HM

Gull í hnébeygju á EM

Gull í bekkpressu á EM

Gull í réttstöðulyftu á EM

Brons í hnébeygju á HM

Evrópumet í hnébeygju með 220 kg

Evrópumet í samanlögðu með 560 kg, en það er fjórði besti árangur sem náðst hefur í þessum flokki í sögunni.
Íslandsmeistari 2021
Hefur bætt öll Íslandsmet á árinu
Sigræði á Reykjavíkurlaikunum 2021

Viktor Samúelsson – fæddur 1993 – Kraftlyftingafélag Akureyrar
Viktor keppir í klassískum kraftlyftingum og kraftlyftingum í -105kg flokki.

Stigahæsti kraftlyftingakarl Íslands árið 2021 með 99,93 stig
Heimsmeistaramót 2021 – 6.sæti
Evrópumót 2021 – 6.sæti
Íslandsmeistari 2021 í klassískum kraftlyftingum
Íslandsmeistari 2021 í klassískri réttstöðulyftu
Íslandsmeistari 2021 í réttstöðulyftu.
Sigræði á Reykjavíkurlaikunum 2021
Íslandsmet í hnébeygju, bekkpressu og í samanlögðu á árinu.
Viktor hefur einu sinni áður hlotið þennan heiður er hann var valinn kraftlyftingakarl ársins 2015.

Þá er upptalin helstu tíðindi af starfinu á þessu starfsári.
Ég vil aftur þakka öllum sem hafa komið að starfinu 2021.
Ég þakka skrifstofu og starfsmönnum ÍSÍ fyrir gott samstarf.

Ég óska öllum heilsu og heilla og góðar bætingar á nýju ári.

Reykjavík 26.febrúar 2022
Gry Ek Gunnarsson
Formaður Kraftlyftingasambands Íslands

ÁRANGUR Á ALÞJÓÐAMÓTUM 2021

HM UNGLINGA Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Helgi Arnar Jónsson -83 kg fl jr - 10.sæti
Alexander Örn Kárason -93 kg fl jr -
12.sæti

Alexander Örn Kárason - silfur í BP

EM Í KRAFTLYFTINGUM

Sóley Margrét Jónsdóttir - +84 kg fl - féll
úr keppni

Alex Cambray Orrason -93 kg fl - 6.sæti

Júlían J K Jóhannsson +120 kg fl - 3.sæti

Guðfinnur Snær Magnússon +120 g fl -
DQ

Júlían J K Jóhannsson, gull í RL

HM Í KLASSÍSKUM

KRAFTLYFTINGUM

Kristín Þórhallsdóttir - 84 kg fl -
bronsverðlaun

Arna Ösp Gunnarsdóttir -63 kg fl - 10.sæti

Birgit Rós Becker -76 kg fl - 10.sæti

Viktor Samúelsson, -105 kg fl - 6.sæti

Friðbjörn Bragi Hlynsson -83 kg fl -
16.sæti

Kristín Þórhallsdóttir - 84 kg fl - brons í
hnébeygju

HM UNGLINGA Í KLASSÍSKRI

BEKKPRESSU

Matthildur Óskarsdóttir - 84 kg fl -
gullverðlaun

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir - 63kg fl -
silfurverðlaun

NM UNGLINGA Í KLASSÍSKRI

BEKKPRESSU

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir - 63kg fl -
gullverðlaun

NM UNGLINGA Í KLASSÍSKUM

KRAFTLYFTINGUM

Kristrún Sveindóttir - 57kg fl -
gullverðlaun

Emil Grettir Grettisson - 120kg fl subjr -
silfurverðlaun

Helgi Arnar Jónsson - 83kg fl -
silfurverðlaun

Alexander Örn Kárason - 93kg fl -

gullverðlaun

Eggert Gunnarsson - 105kg fl - 4.sæti

Gabriel Ómar Hafsteinsson - 120kg fl -
4.sæti

HM Í KRAFTLYFTINGUM

Sóley Margrét Jónsdóttir - +84 kg fl -
5.sæti

Júlían J K Jóhannsson +120 kg fl - DQ

Guðfinnur Snær Magnússon +120 g fl -
6.sæti

Júlían J K Jóhannsson, gull í RL

EM Í KLASSÍSKUM

KRAFTLYFTINGUM

Kristín Þórhallsdóttir - 84 kg fl -
gullverðlaun

Birgit Rós Becker -76 kg fl - DQ

Hilmar Símonarson - 66kg fl - 6.sæti

Viktor Samúelsson, -105 kg fl - 6.sæti

Aron Friðrik Georgsson -120 kg fl -
12.sæti

Kristín Þórhallsdóttir - 84 kg fl - gull í
hnébeygju

Kristín Þórhallsdóttir - 84 kg fl - gull í
bekkpressu

Kristín Þórhallsdóttir - 84 kg fl - gull í
réttstöðulyftu

Kristín Þórhallsdóttir - 84 kg fl -

evrópumet í hnébeygju 220 kg

Kristín Þórhallsdóttir - 84 kg fl -

evrópumet samanlagt 560 kg

EM ÖLDUNGA Í KLASSÍSKUM

KRAFTLYFTINGUM

Elsa Pálsdóttir - 76kg fl M3 - gullverðlaun

Elsa Pálsdóttir - heimsmet í HB, RL og
samanlagt

Pórunn Brynja Jónasdóttir -84kg fl M1 -
bronsverðlaun samanlagt - silfurverðlaun
í BP

HM ÖLDUNGA Í KLASSÍSKUM

KRAFTLYFTINGUM

Elsa Pálsdóttir - 76kg fl M3 - gullverðlaun

Elsa Pálsdóttir - heimsmet í HB, RL og
samanlagt